



# Handbók Umsjónarmanna

Sigrún Óttarsdóttir  
Mars 2021

## **Efnisyfirlit**

Inngangur til umsjónarmanna/foreldra.....	2
Almennar upplýsingar: .....	3
Val á númerum fyrir 4.flokk.....	3
Umsjónarmenn árganga:.....	3
Fjáraflanir: .....	4
Hlutverk foreldra .....	4
Liðstjórar: .....	4
Hvert er svo hlutverk liðstjóra á vegum Breiðabliks á mónum? .....	4
Gisting:.....	5
Matur:.....	5
Kostnaður við mótt og fleira.....	6
Þjálfarakostnaður á mónum.....	6
Greiðslur - mótsgjöld:.....	7
Símar og spjaldtölvar á mónum: .....	7
Ljósmyndun á mónum:.....	7
Hin ýmsu helgarmót: .....	7
Símamótið - 5. 6. og 7. fl stúlkna .....	7
Skagamót - 7.-8. fl. drengja .....	8
Króksmót - 5., 6. og 7 fl. stúlkna .....	8
Goðamót - 5. og 6. fl. drengja/stúlkna .....	8
Janúarmót - 5. fl. drengja .....	8
Pollamót - 6.fl eldra ár drengja og Pæjumót - 5.fl. stúlkna .....	8
N1 mótt 5. fl. báðir árgangar drengja .....	8
Stefnumót KA fyrir 4.flokk og 3.flokk stúlkna og drengja.....	8
Umsjónarmenn á stóru sumarmótunum .....	9
Fararstjórar á stóru sumar/vetrar mótnum .....	9
Liðsstjórar á stóru sumar/ vetrar mótnum.....	9
Matur og magn á stóru sumarmótunum.....	9
Svona gæti innkaupalistinn litið út fyrir Eyjar .....	9
Viðauki.....	11

## Inngangur til umsjónarmanna/foreldra.

Þessar leiðbeiningar eru til þessa fallnar að þú sem ert nýr í þessu hlutverki eða ert að fara á nýtt móti, getir auðveldlega lesið þig til um það hvað þú ert að fara út í.

Við sem setjum þetta saman erum venjulegir foreldrar sem höfum farið á fótboltamót en við viljum miðla okkar reynslu áfram.

Það er engin ein leið og mótin eru misjöfn eins og þau eru mörg, það skiptir máli hvort að um sumar eða vetrarmót sé að ræða og hvert er farið, það þarf t.d. meiri mat til Eyja en Akureyrar svo eitt dæmi sé tekið.

Einn samnefnari er þó og hann er sá:

- Deildu með þér verkefnum
- Virkjaðu foreldra með þér

***Takk fyrir ykkar óeigingjarna starf í  
þágu iðkenda***

Með von um að þú njótir

## **Almennar upplýsingar:**

**Engin börn í Breiðabliki hafa þáttökurétt á mónum nema gengið hafi verið frá árgjaldi fyrir æfingar (æfingagjöldum í Nóra) og engin börn hafa þáttökurétt á mónum nema í fylgd með foreldri/forráðamanni í 5., 6. og 7. flokki (þ.e. að foreldri/forráðamaður eða annar ábyrgur aðili fylgi þeim á móti). Liðstjóri er ekki sjálfkrafa ábyrgur. Tryggingar Breiðabliks fyrir iökendur virkjast ekki nema æfingagjöld séu í skilum.**

### **Val á númerum fyrir 4.flokk**

Þegar komið er í 4. flokk þá þurfa krakkar að vera með föst númer á peysunum sínum vegna þess að ekki mega tveir leikmenn í sama liði vera með sama númer. Þjálfarar sjá um að láta krakkana draga númer. Þetta er gert í lok 5. flokks eða byrjun 4. flokks. Til að geta fengið að draga númer þá þarf barn að vera skráð í félagið og búið að ganga frá æfingagjöldum.

## **Umsjónarmenn árganga:**

Umsjónarmenn eru kosnir að hausti. Best er að þeir séu með sitt eigið tölvupóstfang t.d. [blikastelpur2004@gmail.com](mailto:blikastelpur2004@gmail.com) eða [blikastrakar2004@gmail.com](mailto:blikastrakar2004@gmail.com). Einnig getur verið gott að nýta Sportabler í samskipti og skráningar á móti. Umsjónarmenn eru tengiliðir við foreldra t.d. þegar á að fara safna fyrir mótsferðum og skipuleggja mótsferðir. Hér er verið að tala um óopinberar mótsferðir þ.e. sem eru ekki á vegum KSÍ. Umsjónarmenn sjá um skipulag við flest móti, allt nema að raða niður í lið. Þeir sjá um að innheimta allt sem viðkemur mónum. Innan umsjónarmanna eru valdir gjaldkerar sem hafa prókúru á reikning hvers árgangs. Allir umsjónarmenn geta haft aðgang að tölvupóstfangi umsjónarmanna en einn er gerður ábyrgur fyrir pósthólinu þannig að það sé alltaf farið í póstinn reglulega. Umsjónarmenn sjá um að stofna til fjáraflanna og eru þjálfara og foreldrum innan handa. Meira um hlutverk umsjónarmanna kemur fram neðar í skjalinu.

Gjaldkerar eru prókúruhafar á bankareikninga, sem úthlutað er til hvers árgangs, sem Breiðablik hefur hjá Landsbankanum. Oft er þó bara einn bankareikningur notaður fyrir hvern flokk þó til séu bankareikningur fyrir báða árganga flokksins. Það er í valdi umsjónarmanna að ákveða hvort báðir reikningar séu notaðir. Gjaldkeri hvers flokks sér um greiðslur sem þarf að inna af hendi fyrir móti og annað sem til fellur. Ef notaður er einn reikningur þá heldur gjaldkeri utan um skiptingu peninga milli árganga þannig að auðvelt sé að gera upp árið að hausti. Einstakir flokkar skulu ekki safna sjóðum á milli ára, heldur skal reynt að safna eingöngu fyrir útlögðum kostnaði hvers keppnistímabilis og skila þannig sem mestu til baka til flokksins á yfirstandandi ári. Miða skal við að ekki sé meira á reikningi hvers árgangs að hausti en sem nemur 50.000-100.000 kr til að eiga fyrir óvæntum útgjöldum. Gjaldkeri þarf að gera upp árið með ársreikningi (til er template) og skila til fjármálastjóra Breiðabliks þegar eldri árgangur gengur upp um flokk að hausti. Fjármálastjórin tekur síðan saman heildaruppgjör allra flokka og skilar til Barna og unglingsaráðs.

Fararstjórar eru tengiliður þjálfara, liðstjóra og foreldra á mónum. Þeir sjá um að mæta á fararstjórafundi sem eru á flestum mónum og eftir þá fundi sendir fararstjóri upplýsingar á alla liðsstjóra, t.d. upplýsingar um breytingar á völlum, leikjum osfrv. sem þarf að koma á framfæri.

### Fjáraflanir:

Umsjónarmenn skipuleggja fjáraflanir fyrir sinn flokk til að standa straum af kostnaði við hin ymsu móti. Barna- og unglingsaráð (BUR) mun einnig standa fyrir fjároflunum fyrir alla flokka í einu, öðru hverju yfir árið og eru umsjónarmenn þá BUR innan handa við afhendingu fjároflunarvara. Fjáraflanir eru einkum sölustarfsemi af einhverju tagi.

Ef flokkur ætlar að fá styrktaraðila til að kosta t.d. ferðafatnað á móti þarf að huga að því að ekki má tala við hvaða styrktaraðila sem er varðandi t.d. auglýsingar á ferðafatnað – slíkt þarf að vera í samstarfi við deildarstjóra knattspyrnudeildar til að auglýsingar stangist ekki á við hagsmuni knattspyrnudeildarinnar. Stranglega er bannað að sækja styrki eða auglýsingar fyrir einstaklinga undir þeim formerkjum að verið sé að styrkja Breiðablik sem félag þó vitaskuld megi einstaklingar stunda fjáraflanir fyrir einstök móti eða viðburði í sínu nafni.

### Hlutverk foreldra

Hlutverk foreldra á öllum móti er að vera drengjunum/stúlkunum hvatning með jákvæðni í fyrirrúmi. Það skiptir miklu máli fyrir alla að foreldrar séu virkir á móti t.d. með aðstoð á gististað, við að gefa þeim að borða millimálsbita, hvetja á leikjum og vera sýnilegir. Það er alltaf skemmtilegt að sjá foreldra klædda grænu eða merkta floknum á einhvern hátt.

Mikilvægt er að foreldrar skipti með sér hlutverkum á móti og aðstoði sem mest yfir daginn. Stóru mótin eru oft strembin ef fáir eru að sjá um hlutina. Það er ekki sanngjarni að sumir foreldrar komi bara til að horfa á börnin sín á meðan aðrir strita við að passa upp á alla.

### Liðstjórar:

Fyrir hvert móti þegar þjálfari hefur valið í lið eru valdir liðstjórar, eitt foreldri úr hverju liði eða það sem betra er, að settar eru upp vaktir fyrir liðstjóra og þá skipta foreldrar með sér liðstjórahlutverkinu yfir daginn - þannig geta allir notið þess að vera á mótinu án þess að vera alltaf yfir liðinu. Einnig getur verið gott að skipa einn yfirlíðstjóra í hverju liði sem sér um samskipti við alla hina foreldrana. Sum móti eru þannig að liðsstjóri fer í rútu með sínu liði en önnur eru þannig að allir fara á einkabílum með foreldrum sínum. Hlutverk liðsstjóra eru því misjöfn eftir móti.

Mikilvægt er að kynna fyrir foreldrum hver er liðsstjóri/ar hvers liðs. Fyrir stóru mótin er gott að hittast í heimahúsi og kynnast betur innbyrðis.

### Hvert er svo hlutverk liðstjóra á vegum Breiðabliks á móti?

Umfram allt þarf þessi aðili að vera jákvæður og hafa áhuga á að aðstoða. Hans hlutverk getur þó stöku sinnum verið að stjórna leik ef þjálfari kemst ekki. Þjálfarar reyna þó að komast hjá þessu en það er ekki alltaf hægt þegar mörg lið keppa samtímis.

### Liðstjóri:

- Er fyrirmund og félagi iökenda á móti ásamt því að vera “mamma” og “pabbi”.
- Heldur utan um liðið meðan á móti stendur. Er í vinnu allan móttímann eða á sinni skilgreindu vakt og ber ábyrgð á liðinu á meðan.
- Virðir þær reglur sem umsjónarmenn og þjálfari setja fyrir öll liðin meðan á móti stendur.
- Fylgir liði í matartíma sem eru á vegum mótsnefnda s.s. hádegis- og kvöldmat eða virkjar aðra foreldra til þess. Gististjóri fylgir liðinu í morgunmat en gott er að liðstjórar séu komnir snemma til að leysa gististjóra af um leið og morgunmat lýkur.
- Fylgir liðinu á allar skemmtanir s.s. bíóferðir- sund -kvöldvökur á vegum mótsnefndar.

- Sér um að lið mæti tímanlega í setta leiki. Sér um upphitun og að liðið sé undirbúið þegar að þjálfari mætir til leiks.
- Passar upp á að liðið fái nóg að að borða milli mála - mat sem að Breiðablik leggur til. Um að gera að virkja aðra foreldra í matarmálum.
- Virðir setta háttatíma og sér til þess að liðið sé komið inn á réttum tíma og komið í sæng á tilsettum tíma með aðstoð gistiþjóra.
- Heldur utan um samskipti við aðra foreldra og fær aðstoð eftir þörfum frá þeim.
- Tekur tillit til sérþarfa einstakra liðsmanna s.s. varðandi mataræði, svefn og lyf.
- Sér til að drengirnir/stúlkurnar gangi vel um á gistið og móttssvæðið og séu félagini til sóma allsstaðar meðan á móti stendur.
- Sér til þess að iökendur haldi vel utan um dótið sitt og fatnað.
- Mætir með góða skapið og er vinur og félagi iökenda meðan á móti stendur. Þjálfari sér um það sem snýr að knattspyrnunni og við um allt annað.

**Munum að með samvinnu og framlagi allra foreldra náum við árangri.**

### **Gisting:**

Mikilvægt er að hafa gistiþjóra, hann tekur við liðinu af liðsstjóra eftir kvöldmat/kvöldvökur og skilar til liðsstjóra eftir morgumati. Með þessu fyrirkomulagi erum við ekki að ofkeyra einn aðila því það er gríðarlegt álag að vera einn með 8-12 stráka/stelpur á kantinum allan daginn allan tímann.

Foreldrar sem taka að sér gistiþjórn þurfa að hafa í huga að stofurnar eru athvarf krakkanna og þau nota stofurnar til að klæða sig og þurfa næði til þess án þess að hafa foreldra hangandi yfir sér. Á ákveðnum aldri verða krakkar spéhrædd og það þurfa foreldrar að virða. Breiðablik setur ekki reglur um kyn foreldra sem gista heldur treystir umsjónarmönnum til þess að raða liðum og gistiþjórum í stofur á skynsaman hátt.

**Gistiþjóri er ákveðinn fyrirfram þ.e. áður en haldið er á mótið og er nauðsynlegt að hafa einn gistiþjóra fyrir hvert lið. Foreldrar innan hvers liðs geta skipt nótum með sér. Ef ekki næst að fá gistiþjóra fyrir lið getur liðið ekki gist nema að samkomulag náist við gistiþjóra annarra liða um að fóstra lið ef t.d. fleiri gistiþjórar eru með öðrum liðum eða gistiþjóri treystir sér til að hafa tvö lið. Á flestum mónum er ekki ætlast til þess að það séu fleiri en einn að gista með hverju liði en það fer þó eftir plássi og reglum mótsvalda. Það getur þó verið gott að hafa tvö gistiþjóra með hverju liði.**

### **Skipulagning liðstjóravakta og gistiþakta:**

Það getur t.d. verið mjög sniðugt að setja upp opið Google-sheet skjal fyrir hvert lið þar sem gistiþaktir og liðstjóravaktir eru skráðar ásamt símanúmerum foreldra. Allir foreldrar hafa aðgang að skjalini og geta skráð inn í það hvaða vaktir henta þeim. Með þessu er líka auðvelt að sjá hvaða vaktir mannast ekki og hægt að ýta við foreldrum. Fyrirmynndir að þessum skjölum eru til hjá Barna og ungingaráði.

### **Matur:**

Matur og magn er oft höfuðverkur. En mikilvægt er að afla upplýsinga frá þeim sem fóru á mótin árin á undan. Einnig er mjög mikilvægt að kanna matseðil hvers móts og hversu oft keppendur fá að borða á vegum mótsvalda. Millimál og nesti byggist allt út frá því. Einnig þarf að hafa í huga hversu margir leikir eru spilaðir, eru strákarnir/stelpurnar að fara með foreldrum á milli leikja eða eru þeir með liðsstjóranum (þá þarf að sjá fyrir millimáli). Sjá frekar neðar í skjali.

## **Kostnaður við mótt og fleira**

### **Þjálfarakostnaður á móttum**

Mót sem ekki eru á vegum KSÍ og eru úti á landi eða lengri mótt innan höfuðborgarsvæðis fela í sér aukinn kostnað fyrir flokkinn.

**Ávallt skal hafa í huga að halda kostnaði í lágmarki eins og mögulegt er.**

### **Dagpeningar**

Breiðablik hefur ákveðið að greiða skuli þjálfurum skv. reglum ríkisins um dagpeninga á ferðalögum innanlands:

(<https://www.stjornarradid.is/verkefni/mannaudsmal-rikisins/kjarasamningar-laun-og-starfskjor/ferdakostnadur/>).

Athugið að munur er á upphæð dagpeninga eftir árstíma – sumrin eru dýrari en veturnir og því þarf að skoða reglurnar hverju sinni (en upphæðin er um 12,000 kr á dag). Ávallt skal miða við nýjustu reglugerðina. Þessar reglur fela í sér að hver þjálfari fær upphæð fyrir hvern dag sem dugar fyrir fæði. Þjálfarar sjá síðan um sín eigin matarmál og greiða það af sínum dagpeningum.

Við útreikninga á dagpeningum vegna móta úti á landi skal miða við að upphafsdagur móts og lokadagur sé  $\frac{1}{2}$  dagur í dagpeningum nema að augljóst sé að leggja þurfi að stað snemma morguns frá borginni og að komið sé mjög seint heim á lokadegi þá er greiddur heill dagur. Engin kostnaður greiðist á Símamóti þar sem að það er hluti af starfsskyldu þjálfara.

**Enginn kostnaður greiðist fyrir dagsmótt á höfuðborgarsvæðinu og dagsmótt í nærliggjandi sveitarfélögum (innan 60 mín akstursfjarlægðar frá höfuðborgarsvæðinu). Þjálfarar geta sótt um aksturspening hjá Breiðablik vegna þeirra.**

### **Gisting**

Varðandi gistingu þjálfara þá skulu umsjónarmenn finna hentuga gistingu í samráði við þjálfara. Viðkomandi flokkur greiðir síðan gistingu skv. reikningi frá þjálfurum eða sér um greiðsluna fyrir þjálfarana.

### **Ferðalag á mótsstað**

Mikilvægt er að gætt sé samræmis milli flokka varðandi ferðalagið og því skal ávallt leita til skrifstofu Breiðbliks (deildarstjóra knattspyrnudeildar/fjármálastjóra) varðandi ferðatilhögum þjálfara á mótsstað. Skrifstofan hefur ákvörðunarvald varðandi ferðatilhöguna. Algengast er að þjálfarar ferðist saman í bílaleigubíl á mótsstað ef ekki er farið með rútu. Breiðablik er með hagstæða samninga við bílaleigur.

Sömu reglur eiga við um aðstoðarþjálfara ef þeir eru teknir með á mótt úti á landi nema að mælst er til þess að þeir gisti í þeirri aðstöðu sem boðið er upp á í skólum, ef aðstæður bjóða upp á það, og borði þann mat sem er í boði á mótinu. Þar af leiðandi er ekki greiddur gistikostnaður fyrir aðstoðarþjálfara og einungis hálfir dagpeningar. Ferðatilhögur aðstoðarþjálfara fylgir sama skipulagi og fyrir þjálfara.

**Fjöldi þjálfara á móttum skal taka mið af fjölda liða sem farið er með og hvernig uppsetning viðkomandi móts er. Að fara með of marga þjálfara felur í sér aukin kostnað fyrir hópinn. Að fara með of fáa þjálfara veldur því að þeir nái ekki að sinna öllum liðum og því lendir kannski mikil vinna á foreldrum við að stjórna leikjum.**

Í félagi eins og Breiðablik sem fer jafnan með mjög mörg lið á mótt þarf að hafa það í huga að þjálfarar standa oft frá morgni til kvölds úti á velli í alls kyns veðrum og því nauðsynlegt fyrir þá að fá góða hvíld og því sjálfsagt að bjóða þeim upp á almennilega gistingu.

Síá dæmi um útreikning kostnaðar vegna þjálfara í viðauka. Þar eru kynntar útfærslur á kostnaði miðað við lengri og styttri mótt úti á landi. Einnig eru útfærslur um lengri og styttri mótt innanbæjar.

Þessi kostnaður reiknast inn í móts gjöld drengja/stúlkna í flokkunum fyrir öll mótt og því mikilvægt að hafa það í huga áður en farið er að rukka inn fyrir mótt.

Í þeim tilfellum bar sem fáir krakkar fara á mótt úti á landi og þjálfarkostnaður verður frekar stórbáttur af kostnaði móts þá hafa umsjónarmenn heimild til að semja við þjálfara á annan hátt en um er rætt hér að ofan til að halda kostnaði í lágmarki en ávallt skal hafa skrifstofuna með í ráðum.

Athugið að fyrir Eyjar er nauðsynlegt fyrir þjálfara að panta gistingu fyrir sig mjög snemma og þá helst í byrjun september árið á undan. Ef dagsetning á mótinu er ekki staðfest þá er hægt að panta sithvora vikuna (mótin eru alltaf í svipuðum vikum og árið á undan) og afpanta aðra vikuna þegar staðfest dagsetning kemur.

### **Greiðslur - móts gjöld:**

Best er að rukka móts gjöld í gegnum Nóra. Þá hafa umsjónarmenn samband við innheimtu Breiðabliks og biðja um að sendir séu út greiðsluseðlar fyrir móts gjöldum. Tilkynna skal innheimtunni inn á hvaða reikning flokksins greiðslurnar eiga að berast. Greiðsluseðlarnir eru yfirleitt með 3ja daga greiðslufresti og það er alltaf einhver kostnaður við greiðsluseðlana – uppb 250 kr. sem leggst ofan á greiðsluna.

Það er afar mikilvægt að allir sem fara á mótið séu búnir að greiða tímanlega skv upplýsingum frá umsjónarmönnum um síðasta greiðsludag.

Ófrávíkjanlegt skilyrði til að geta farið á mótt á vegum félagsins er að búið sé að greiða æfingagjöld.

### **Símar og spjaldtölver á móttum:**

Það getur verið gott að leggja línumnar varðandi notkun síma og spjaldtölva á móttum. Það hafa ekki allir sömu tækifæri til að eiga og vera með svona tæki. Það getur því verið gott að leggja til að notkun slíkra tækja í skólum sé bönnuð og krakkarnir hvattir til að taka frekar með sér spil.

### **Ljósmyndun á móttum:**

Það getur verið sniðugt að umsjónarmenn fái eitt foreldri úr hverju liði til að vera ljósmyndari fyrir liðið. Þá er möguleiki í kjölfar móta að láta útbúa myndabók eða setja upp myndasíðu sem fólk hefur aðgang að.

### **Hin ýmsu helgarmót:**

#### **Símamótið - 5. 6. og 7. fl stúlkna**

Þetta mótt er haldið hjá okkur Blikum og er stærsta sumarmótið á landinu. Það er alltaf haldið þriðju helgina í júlí. Blikastelpur gista ekki í skólum en geta verið í mat og fá afslátt af móts gjaldi.

## Skagamót - 7.-8. fl. drengja

Þetta er oft fyrsta alvöru fótboltamótið hjá strákunum þ.e. fyrsta mótið þar sem er gist. Strákarnir gista í skóla og mótið er haldið í kringum 17. júní. Hér er hefð fyrir góðum mat hjá mótsaldara og því þarf minna millimálsnesti. Hér er skrúðganga og mikilvægt að taka með sér Stóra fánann. Hér er ekki hefð fyrir rútu.

## Króksmót - 5., 6. og 7 fl. stúlkna

Þetta er oft fyrsta alvöru fótboltamótið hjá stelpunum þ.e. fyrsta mótið þar sem er gist. Það hefur ekki verið hefð fyrir því að 7. flokkur gisti í skólanum heldur verið með foreldrum á tjaldsvæði eða annarri gistingu en það er þó ekki heilagt. Eldri stelpurnar gista í skóla og mótið er yfirleitt haldið síðustu helgina í júní. Hér er ekki hefð fyrir rútu.

## Goðamót - 5. og 6. fl. drengja/stúlkna

Þetta er vetrarmót og er haldið á Akureyri í febrúar og mars. Strákarnir/stelpurnar gista í skólanum og oft eru færri foreldrar sem fylgja á þetta móti. Dagskrá er alla daga m.a. ís ferð í Brynju, sund og fl. Hér er hefð fyrir rútu en það er þó ekki algilt. 5 fl. kk hefur ekki farið á Goðamót frá 2013 en haldið í staðinn janúarmótið hjá Breiðablik.

## Janúarmót - 5. fl. drengja

Þetta er vetrarmót og er haldið hjá okkur í Fífunni þriðju helgina í janúar.

## Pollamót - 6.fl eldra ár drengja og Pæjumót - 5.fl. stúlkna

Þetta eru Vestmannaeyjar! Pæjumótið er yfirleitt í kringum 10. júní og pollamótið í lok júní og er frá miðvikudegi til laugardags.

Hér er um mjög stórt móti að ræða, sem gott er að skipuleggja vel og fá ráðleggingar frá fyrri umsjónarmönnum. Mjög sniðugt er að leita til foreldra og athuga hvort einhver eigi sendibifreið til að ferja farangur og mat yfir til Eyja því það er ekki spennandi að vera með 80 börn og allt sem þeim fylgir í handfarangri. Farið er með rútu í Landeyjarhöfn, siglt yfir og ÍBV ferjar upp í skóla. Þetta er líklega það móti þar sem samvinna foreldra skiptir hvað mestu máli. Það þarf að ferja þau um alla eyjuna, í mat, á móttssvæðið o.s.frv. Auðvitað er hægt að ganga en þetta er strembið móti og um 1,2 km gangur í matsalinn frá skólanum/keppnissvæði. Margir leikir, en engu að síður mjög skemmtilegt. Mikil heild myndast þar sem allir eru á sama blettinum. Breiðablik hefur í gegnum árin tekið með sér allan mat. ÍBV eru mjög strangir á því að aðeins einn sé að gista með hverju liði en þó hefur alveg gerst að fleiri gista.

## N1 móti 5. fl. báðir árgangar drengja

N1 mótið er fyrir 5. flokk eldri og yngra, það er haldið á Akureyri yfirleitt fyrstu vikuna í júlí (miðvikudagur- laugardagur). Ekki er hefð fyrir því að Breiðablik fari með rútum. Þetta móti er einnig mjög skemmtilegt og vel skipulagt. Oftast hafa strákarnir gisti í Lundaskóla sem er við hlið KA svæðisins þar sem mótið fer fram og er það mjög þægilegt. Hefð er að byrja að skapast fyrir því að umsjónarmenn hafi eitt hamborgaragríllkvöld á tjaldstæðinu (Hömrum) fyrir liðin og foreldrana. Umsjónarmenn og farastjórar þurfa að skipuleggja þetta og panta skemmuna á Hömrum fyrirfram.

## Stefnumót KA fyrir 4.flokk og 3.flokk stúlkna og drengja

Mótið er haldið á Akureyri í janúar/febrúar/mars og gisti í Glerárskóla. Hefði er fyrir því að farið sé með rútu og einungis þjálfarar og liðstjórar fara með enda eru krakkarnir orðin það stór að það er orðið lítið mál að halda utanum hópinn.

**Breiðablik á stórt tjald sem hægt er að fá að láni til að skapa stemmingu fyrir foreldra um kvöld (án áfengis auðvitað) á tjaldmótunum.**

## **Umsjónarmenn á stóru sumarmótunum**

Sjá um að skipuleggja þetta þannig að allir njóti sín. Virkja foreldra með sér í alla vinnu. Umsjónarmenn senda út nokkrum mánuðum fyrir móttökunni til foreldra til að sjá hver áætlaður fjöldi þátttakenda verður, gott að nota google-sheet í það eða nota Sportabler. Á þeim spurningarlista er nauðsynlegt að gera fólk grein fyrir því hvort rúta sé í boði eða ekki..

Umsjónarmenn boða foreldra á fund viku fyrir mótt og fara yfir þær upplýsingar sem liggja fyrir s.s. hvar verður gist, matseðill, fyrirkomulag móts, hlutverk liðstjóra etc.

Þjálfarar velja í lið, þegar það er komið geta umsjónarmenn sent út opið google skjal (eða könnun) varðandi mönnun í liðstjóravaktir, svefnstjóravaktir, matarnefndir, símanúmer foreldra og annað sem til fellur. Þetta er oft að gerast þegar stutt er í mótt og því þarf að hafa hraðar hendur og biðja fólk að skrá sig sem fyrst.

## **Faranstjórar á stóru sumar/vetrar mótnum**

Umsjónarmenn velja sér einn faranstjóra úr hvorum árgangi og þeirra hlutverk er að hafa yfirsýn yfir öll þau verkefni sem þarf að gera, skipa einn úr umsjónarmannaliðinu yfir liðsstjórum, gististjórum, matarnefnd, panta tjaldsvæði og fl.

## **Liðsstjórar á stóru sumar/ vetrar mótnum**

Mikilvægt er að foreldrar skipti liðstjóravöktum með sér, það er þó gott að hafa einn yfirliðstjóra. Liðsstjóri tekur við liðinu eftir morgunmat (af gististjóra) og afhendir gististjóra liðið milli 20-21 á kvöldin. Liðsstjóri er því ekki að gista líka. Raunin er sú að það er of mikið.

## **Matur og magn á stóru sumarmótunum**

Hér leiðbeiningar sem hægt er að horfa til við matarinnkaup. En tekið skal fram að auðvelt er að verða sér út um mat á flestum stöðum og svo er mismunandi eftir móttum hvort stelpurnar/strákarnir eru eitthvað með foreldrum eða alltaf á mótsstað.

Það getur verið sniðugt að setja upp lista fyrir hvern dag og afhenda liðstjórum þ.e. hvaða magn af mat hvert lið hefur fyrir hvern dag. Þá geta liðstjórar/matarstjórar tekið matinn til fyrir sitt lið í upphafi hvers dags í stað þess að verið sé að ganga í matinn allan daginn. Einnig getur verið gott að hafa plastkassa fyrir hvert lið fyrir nestið.

## **Svona gæti innkaupalistinn litið út fyrir Eyjar**

**Nestið fyrir 3 daga - mest þó fyrir fimmtudag og föstudag.**

- Bananar 2 stk á keppanda í heildina (ekki á dag)
- Gulrætur 2 pokar pr lið (í heildina ekki á dag)
- Epli 1 poki pr lið
- Ostur ca 3 pakkar á pr lið
- Skinka ca 3 pakkar pr lið
- Brauð ca  $\frac{1}{2}$  á keppanda
- Hrökkbrauð ef einhver vill.
- Smjör 1 askja á lið.
- Nestispokar 1 pr lið
- Eldhúspappír

### Kvöldsnarl

Kex og ávextir, einnig er mjög vinsælt að hafa harðfisk. Hér getur líka verið gott að fá foreldra til að baka skinkuhorn/pizzasnúða/kleinur og koma með – sparar innkaup og margir eru tilbúnir að baka.

Hafið ávallt í huga að Breiðablik leggur sig fram við að sýna gott fordæmi hvað varðar hollt og gott nesti. Engir orkudrykkir eru því leyfðir.

## Viðauki

**Kostnaður þjálfara Breiðabliks á fótboltamótum sem ekki eru KSÍ mótt og eru í samræmi við upplýsingar í handbókinni. Samráð skal haft við Deildarstjóra Knattspyrnudeildar og Fjármálastjóra til að samræmis sé gætt og hagstæðustu leiða leitað í gegnum kjör Breiðabliks hjá t.d. bílaleigu, rútufyrirtæki.**

Kostnaður vegna gistingar (hótel, gistiheimili) þjálfara greiðist af viðkomandi flokki gegn reikningi frá þjálfurum eða þá að umsjónarmenn mæta og greiða gistingu á staðnum. Miða skal verð á gistingu per nótt við 11.000 kr en ef ekkert fæst á því verði þá greiðir flokkurinn það verð sem er í boði.

Allir dagpeningar eru greiddir skv. ferðakostnaði ríkisins (sjá link ofar í skjali).

Ungir aðstoðarþjálfarar (<20 ára) skulu gista í skólum nema ef þjálfarar geta leyft þeim að gista með sér án aukakostnaðar.

Einnig er greitt fyrir ferðakostnað þjálfara (einn bíl eða hvað er hagkvæmast fyrir flokkinn hverju sinni).

Ferðakostnaður þjáflara ræðst af því hvað er hentugast fyrir flokkinn og eftir þeim fjölda þjálfara sem fara með. Ef þjálfarar eru t.d. 4 á leið norður getur verið hentugra að leigja bílaleigubíl í gegnum Breiðablik og láta þjálfara aka norður. Ef t.d. tveir þjálfarar fara norður á mótt þá getur verið hentugast að panta ÍSÍ flug og leigja bílaleigubíl fyrir norðan yfir helgina. Það heyrir til undantekninga að flug sé keypt fyrir þjálfara og skal það ætíð vera ákvörðun skrifstofu ef slíkt er valið.

**Mismunandi mótt og kostnaður við þau (gistikostnaður er greiddur af floknum og því ekki talinn upp hér):**

### Lengri mótt utan höfuðborgarsvæðis:

**Goðamót á Akureyri (5. og 6.flokkur) að vetri:**

Fjöldi daga: 3	Kostnaður	Athugasemdir
Dagpeningar (12.000kr):	36.000 kr per þjálfara 18.000 kr per aðstoðarþjálfara	
Akstur norður, ef bíll (770 km):	110 kr/km = 84.700 kr	Einnig getur verið hentugra að leigja bílaleigubíl fyrir þjálfara í stað þess að greiða aksturspeninga. Skoða ÍSÍ flug ef hentugra og þá bílaleigubíl fyrir norðan yfir helgina.

**N1 mótt á Akureyri (5.flokkur kk):**

Fjöldi daga: 4	Kostnaður	Athugasemdir
Dagpeningar (12.000kr):	48.000 kr per þjálfara 24.000 kr per aðstoðarþjálfara	
Akstur norður, ef bíll (770 km):	110 kr/km = 84.700 kr	Einnig getur verið hentugra að leigja bílaleigubíl fyrir þjálfara í stað þess að greiða aksturspeninga. Skoða ÍSÍ flug ef hentugra og þá bílaleigubíl fyrir norðan yfir helgina.

**Vestmannaeyjar (5.flokkur kk og kvk):**

Fjöldi daga: 4	Kostnaður	Athugasemdir
Dagpeningar (12.000kr):	48.000 kr per þjálfara 24.000 kr per aðstoðarþjálfara	
Aksturkostnaður:	Greitt er fyrir einn bíl í Herjólf og útlagðan bensínkostnað	Þjálfarar hafa kost á að fara með rútunni til Landeyja en kjósa oft að hafa bíl til umráða í Eyjum í snatt enda keppt á völlum á mismunandi stöðum. Einn bíll á að nægja.

**Akranes (7.flokkur kk):**

Fjöldi daga: 3	Kostnaður	Athugasemdir
Dagpeningar (12.000kr):	36.000 kr per þjálfara	
	18.000 kr per aðstoðarþjálfara	
Akstur á Akranes (92 km):	110 kr/km = 10.120 kr	Miðað er við að þjálfarar keyri saman í bíl fram og til baka alla dagana

**Selfoss (6.flokkur):**

Fjöldi daga: 2	Kostnaður	Athugasemdir
Dagpeningar (12.000kr):	24.000 kr per þjálfara	
	12.000 kr per aðstoðarþjálfara	
Akstur á Selfoss (108 km):	110 kr/km = 11.880 kr	Miðað er við að þjálfarar keyri saman í bíl fram og til baka alla dagana

**Stefnumót á Akureyri að vetri (4.fl og 3.fl kk og kvk):**

Fjöldi daga: 3	Kostnaður	Athugasemdir
Dagpeningar (12.000kr):	36.000 kr per þjálfara	
	18.000 kr per aðstoðarþjálfara	
Aksturkostnaður:	Bílaleigubíll (6-8000 kr)	Allir fara með rútu norður (leikmenn, þjálfarar og umsjónarmenn) en ágætt getur verið að leigja bílaleigubíl á AKU fyrir snatt.

**Lengri móti innan höfuðborgarsvæðis:****ReyCup (4.fl og 3.fl kk og kvk):**

Fjöldi daga: 3	Kostnaður	Athugasemdir
Dagpeningar (6.200kr):	18.600 kr per þjálfara	Hálfir dagpeningar þar sem þjálfarar eru í bænum og viðvera yfirleitt ekki fullur dagur og fjarvera frá fjölskyldu ekki yfir nótt
	18.600 kr per aðstoðarþjálfara	

**Janúarmót Breiðabliks:**

Fjöldi daga: 3	Kostnaður	Athugasemdir
Dagpeningar (6.200kr):	18.600 kr per þjálfara	* Mikil viðvera alla helgina
	18.600 kr per aðstoðarþjálfara	

\*Hér fá þjálfarar Breiðabliks mat alla helgina í boði mótsins og því ekki rétt að greiða fulla dagpeninga. Mögulega þurfa einhverjir þjálfarar að taka sér frí frá vinnu/skóla á föstudagi og því sjálfsagt að koma eitthvað til móts við þá. Fullir dagpeningar eru þá greiddir á föstudagi og hálfir hina dagana.